

Tillaga um eflingu frístundastarfs á Kjalarnesi

Lagt er til að settur verði á fót stýrihópur sem hafi það hlutverk að móta tillögur um aðgerðir til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu íþróttum – og frístundastarfi þar með talið listnámi. Leitað verði skýringa á því hvers vegna færri börn og ungmenni nýta frístundastyrkinn á Kjalarnesi en flestum öðrum hverfum borgarinnar. Hópurinn verði skipaður þremur fulltrúum menningar-,íþróttum- og tómsundaráðs, tveimur frá meirihluta og einum frá minnihluta. Að auki starfi með hópnum fulltrúi frá íbúasamtökum Kjalarness, íbúaráði Kjalarness, Ungmennafélagi Kjalarness og Klébergsskóla auk starfsfólks menningar- og íþróttasviðs. Leitað verði ráðgjafar og hugmynda frá öðrum sviðum og stofnunum borgarinnar eftir þörfum. Stýrihópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir 1. maí 2024.

Greinargerð

Tölfræði um nýtingu frístundastyrksins í Reykjavík gefur til kynna að þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi sé talsvert undir meðallagi í tveimur hverfum borgarinnar, Breiðholti og Kjalarnesi og sé sömuleiðis marktækt minni í miðborginni. Að meðaltali nýtist frístundastyrkurinn um og yfir 80% barna í borginni en í Breiðholti er hlutfallið einungis 60%, á Kjalarnesi er það 65% og um 70% í Miðborginni. Þá er kynjamunur hvergi meiri en á Kjalarnesi þar sem 73% stráka nýta styrkinn en einungis 58% stúlkna.

Undanfarin ár hefur verið brugðist við þessari stöðu í Breiðholti með sértækum aðgerðum en þörf er á samskonar inngripi á Kjalarnesi þar sem samfélagið glímir að mörgu leyti við sambærilegar áskoranir. Lagt er til að menningar-,íþróttum- og tómsundaráð hafi frumkvæði að stefnumótun um aðgerðir til að auka þátttöku barna og ungmenna á Kjalarnesi í skipulögðu frístundastarfi með áherslu á íþróttir og listnám. Settur verði á fót stýrihópur með þremur fulltrúum ráðsins, tveimur fulltrúum meirihluta og einum fulltrúa minnihluta auk fulltrúa frá íbúasamtökum og íbúaráði Kjalarness, Klébergsskóla sem m.a. rekur tónlistarskóla innan sinna vébanda og Ungmennafélagi Kjalarness sem hefur haft áhuga á því að taka að sér veigameira hlutverk varðandi umsjón íþróttamannvirkja á svæðinu og Klébergsskóla. Þá verði fulltrúar starfsfólks menningar- og íþróttasviðs með í starfinu. Leitað verði til annarra fagsviða og stofnana borgarinnar um innlegg og ábendingar eftir því sem þörf krefur. Stefnit verði að því að stýrihópurinn vinni hratt og vel að mótun tillagna og skili niðurstöðum sínum fyrir 1. maí 2024.